Borgum v/ Norðurslóð
600 Akureyri
Sími 460-8900 Fax 460-8919
rha@unak.is
http://www.rha.is

RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

# Menntun og þjálfun hjúkrunar-fræðinga og lækna á landsbyggðinni varðandi sjúkraflutninga og bráðameðferð utan sjúkrahúss

## September 2006

## Viðhorfskönnun meðal hjúkrunarfræðinga og lækna á landsbyggðinni

## Hjördís Sigursteinsdóttir

# Unnið fyrir:

**Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri (FSA),**

**Sjúkraflutningaskólann,**

**Háskólann á Akureyri**

**Heilusklasa Vaxtarsamnings Eyjafjarðar**

**Norðurslóðaverkefni**

# Efnisyfirlit

**1. INNGANGUR** .......... 7

**2. SÖFNUN GAGNA** .......... 8

2.1 FRAMKVÆMD OG HEIMTUR .......... 8

2.2 ÚRVINNSLA .......... 8

**3. NIÐURSTÖÐUR** .......... 10

3.1 ALMENNAR UPPLÝSINGAR .......... 10

3.2 SJÚKRAFLUTNINGAMENNTUN OG ÞJÁLFUN .......... 11

3.3 BRÁÐATÆKNINÁM Á ÍSLANDI .......... 23

**4. LOKAORÐ** .......... 35

**5. VIÐAUKI** .......... 36

# Myndaskrá:

Mynd 1. Svarhlutfall. 8
Mynd 2. Aldur einstaklinga í könnuninni. 10
Mynd 3. Búseta einstaklinga í könnuninni. 11
Mynd 4. Menntun einstaklinga í könnuninni. 11
Mynd 5. Hefur þú setið námskeið varðandi bráðameðferð utan sjúkrahúss? 12
Mynd 6. Hefur þú setið námskeið varðandi bráðameðferð utan sjúkrahúss, greint eftir aldri. 12
Mynd 7. Hefur þú setið námskeið varðandi bráðameðferð utan sjúkrahúss, greint eftir búsetu. 12
Mynd 8. Hefur þú setið námskeið varðandi bráðameðferð utan sjúkrahúss, greint eftir menntun. 13
Mynd 9. Hvaða námskeið hefur þú setið? 13
Mynd 10. Meðhöndlun og flutningur slasaðra, greint eftir aldri. 14
Mynd 11. Meðhöndlun og flutningur slasaðra, greint eftir búsetu. 14
Mynd 12. Meðhöndlun og flutningur slasaðra, greint eftir menntun. 14
Mynd 13. Sérhæfð endurlífgun, greint eftir aldri. 15
Mynd 14. Sérhæfð endurlífgun, greint eftir búsetu. 15
Mynd 15. Sérhæfð endurlífgun, greint eftir menntun. 15
Mynd 16. Námskeið varðandi börn, greint eftir aldri. 16
Mynd 17. Námskeið varðandi börn, greint eftir búsetu. 16
Mynd 18. Námskeið varðandi börn, greint eftir menntun. 16
Mynd 19. Hefur þú áhuga á að sækja námskeið um bráðameðferð utan sjúkrahúss? 17
Mynd 20. Hvaða námskeið/um hefur þú áhuga á? 17
Mynd 21. Telur þú þig nægilega vel í stakk búinn/búna til að undirbúa og jafnvel flytja fólk sem þarf að fara í langa sjúkraflutninga? 18
Mynd 22. Telur þú þig nægilega vel í stakk búinn/búna til að undirbúa og jafnvel flytja fólk sem þarf að fara í langa sjúkraflutninga, greint eftir aldri. 18
Mynd 23. Telur þú þig nægilega vel í stakk búinn/búna til að undirbúa og jafnvel flytja fólk sem þarf að fara í langa sjúkraflutninga, greint eftir búsetu. 18
Mynd 24. Telur þú þig nægilega vel í stakk búinn/búna til að undirbúa og jafnvel flytja fólk sem þarf að fara í langa sjúkraflutninga, greint eftir menntun. 19
Mynd 25. Telur þú að sjúkraflutningamenn í þinni heimabyggð séu nægilega færir til að sinna starfi sínu? 19
Mynd 26. Telur þú að sjúkraflutningamenn í þinni heimabyggð séu nægilega færir til að sinna starfi sínu, greint eftir aldri. 19
Mynd 27. Telur þú að sjúkraflutningamenn í þinni heimabyggð séu nægilega færir til að sinna starfi sínu, greint eftir búsetu. 20

Mynd 28. Telur þú að sjúkraflutningamenn í þinni heimabyggð séu nægilega færir til að sinna starfi sínu, greint eftir menntun. 20
Mynd 29. Hverjar eru helstu ástæður þess að þú telur þig ekki búa yfir nægri þekkingu og þjálfun? 21
Mynd 30. Hver er þín skoðun varðandi endurmenntun í bráðameðferð utan sjúkrahúss? 22
Mynd 31. Hver er þín skoðun varðandi endurmenntun í bráðameðferð utan sjúkrahúss , greint eftir aldri. 22
Mynd 32. Hver er þín skoðun varðandi endurmenntun í bráðameðferð utan sjúkrahúss , greint eftir búsetu. 23
Mynd 33. Hver er þín skoðun varðandi endurmenntun í bráðameðferð utan sjúkrahúss , greint eftir menntun. 23
Mynd 34. Gætir þú hugsað þér að stunda nám í bráðatækni á Íslandi? 24
Mynd 35. Hefur þú áhuga á að stunda bráðatækninám í framtíðinni, greint eftir aldri. 24
Mynd 36. Hefur þú áhuga á að stunda bráðatækninám í framtíðinni, greint eftir búsetu. 24
Mynd 37. Hefur þú áhuga á að stunda bráðatækninám í framtíðinni, greint eftir menntun. 25
Mynd 38. Telur þú ávinning af því fyrir sjúkraflutningaþjónustuna í þinni heimabyggð að hjúkrunarfræðingar eða læknar sæki nám í bráðatækni? 25
Mynd 39. Telur þú ávinning af því fyrir sjúkraflutningaþjónustuna í þinni heimabyggð að hjúkrunarfræðingar eða læknar sæki nám í bráðatækni, greint eftir aldri. 25
Mynd 40. Telur þú ávinning af því fyrir sjúkraflutningaþjónustuna í þinni heimabyggð að hjúkrunarfræðingar eða læknar sæki nám í bráðatækni, greint eftir búsetu. 26
Mynd 41. Telur þú ávinning af því fyrir sjúkraflutningaþjónustuna í þinni heimabyggð að hjúkrunarfræðingar eða læknar sæki nám í bráðatækni, greint eftir menntun. 26
Mynd 42. Hver er helsti ávinningurinn? 27
Mynd 43. Hver er helsti ávinningurinn, greint eftir aldri. 27
Mynd 44. Hver er helsti ávinningurinn, greint eftir búsetu. 27
Mynd 45. Hver er helsti ávinningurinn, greint eftir menntun. 28
Mynd 46. Telur þú æskilegt að sjúkraflutningamenn í þinni heimabyggð hafi lokið bráðatækninámi? 28
Mynd 47. Telur þú æskilegt að sjúkraflutningamenn í þinni heimabyggð hafi lokið bráðatækninámi, greint eftir aldri. 29
Mynd 48. Telur þú æskilegt að sjúkraflutningamenn í þinni heimabyggð hafi lokið bráðatækninámi, greint eftir búsetu. 29
Mynd 49. Telur þú æskilegt að sjúkraflutningamenn í þinni heimabyggð hafi lokið bráðatækninámi, greint eftir menntun. 29
Mynd 50. Hversu langt á námstímabilið að vera? 30
Mynd 51. Hversu langt á námstímabilið að vera, greint eftir aldri. 30
Mynd 52. Hversu langt á námstímabilið að vera, greint eftir búsetu. 30

Mynd 53. Hversu langt á námstímabilið að vera, greint eftir menntun. ........................... 31
Mynd 54. Hvernig sérð þú fyrir þér fyrirkomulag námsins?........................................... 31
Mynd 55. Hvernig sérð þú fyrir þér fyrirkomulag námsins, greint eftir aldri. .................... 32
Mynd 56. Hvernig sérð þú fyrir þér fyrirkomulag námsins, greint eftir búsetu. ................. 32
Mynd 57. Hvernig sérð þú fyrir þér fyrirkomulag námsins, greint eftir menntun. ............... 32
Mynd 58. Ætlar þú að sækja um nám í bráðatækni á Íslandi haustið 2007/jan 2008 ef slíkt nám verður í boði? ........................................................................................ 33
Mynd 59. Ætlar þú að sækja um nám í bráðatækni á Íslandi haustið 2007/jan 2008 ef slíkt nám verður í boði, greint eftir aldri. ..................................................................... 33
Mynd 60. Ætlar þú að sækja um nám í bráðatækni á Íslandi haustið 2007/jan 2008 ef slíkt nám verður í boði, greint eftir búsetu. ................................................................... 34
Mynd 61. Ætlar þú að sækja um nám í bráðatækni á Íslandi haustið 2007/jan 2008 ef slíkt nám verður í boði, greint eftir menntun. ................................................................ 34
Mynd 62. Eftir ca. hve langan tíma? ........................................................................ 34

# 1. Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá helstu niðurstöðum úr rannsókn sem gerð var nú í sumar meðal hjúkrunarfræðinga og lækna á landsbyggðinni. Henni er ætlað að afla upplýsinga um menntun og þjálfun hjúkrunarfræðinga og lækna á landsbyggðinni varðandi sjúkraflutninga og bráðameðferð utan sjúkrahúss. Jafnframt er leitað eftir upplýsingum varðandi undirbúning að bráðatækninámi á Íslandi.

Að rannsókninni standa Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Sjúkraflutningaskólinn, Háskólinn á Akureyri, heilsuklasi Vaxtar-samnings Eyjafjarðar og Norðurslóðaverkefni sem Sjúkraflutninga-skólinn er þátttakandi í. RHA Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri í samvinnu við Sjúkraflutningaskólann annaðist framkvæmd könnunarinnar. Hildigunnur Svavarsdóttir, skólastjóri Sjúkraflutningaskólans hannaði spurningalistann sem lagður var fyrir svarendur. RHA Rannsókna- og þróunarstofnun Háskólans á Akureyri annaðist fyrirlögn og úrvinnslu könnun-arinnar og af hennar hálfu bar Hjördís Sigursteinsdóttir, sérfræðingur RHA ábyrgð á henni. Hún jafnframt höfundur skýrslunnar.

# 2. Söfnun gagna

Markmiðið með þessari rannsókn er að afla upplýsinga varðandi menntun og þjálfun hjúkrunarfræðinga og lækna á landsbyggðinni varðandi sjúkraflutninga og bráðameðferð utan sjúkrahúss. Tilgangurinn er að afla upplýsinga sem nýtast við undirbúning að bráðatækninámi á Íslandi.

## 2.1 Framkvæmd og heimtur

Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 9. ágúst til 11. september 2006. Um var að ræða lokaða vefkönnun þar sem þátttakendur fengu bréf með beiðni um þátttöku í könnuninni ásamt lykilorði. Tvær ítrekanir voru sendar þátttakendum.

Könnunin var send til 106 einstaklinga sem störfuðu sem annaðhvort hjúkrunarfræðingar eða læknar á landsbyggðinni. Alls voru það 62 einstaklingar sem svöruðu könnuninni. Svarhlutfallið er 58,5% sem telst viðunnandi í könnun sem þessari.




Mynd 1. Svarhlutfall.

## 2.2 Úrvinnsla

Í skýrslunni eru athuguð svör hjúkrunarfræðinga og lækna við fjölmörgum spurningum sem ætlað er að meta menntun og þjálfun þeirra í sjúkraflutningum og bráðameðferð utan sjúkrahúss ásamt áhuga á frekara námi í bráðatækni. Þessar spurningar eru greindar eftir aldri, búsetu og menntun.

Við úrvinnslu gagna var tryggt að öll svör væru órekjanleg og að í öllu væri farið eftir reglum Persónuverndar um öflun og meðferð persónuupplýsinga.

Niðurstöður greininga eru settar fram í myndum og töflum sem sýna hlutfall og fjölda þeirra sem svara á tiltekinn hátt. Áreiðanleiki niðurstaðna var metinn með viðeigandi tölfræðilegum aðferðum í hvert sinn og var tekið mið af slíkri greiningu í umræðunni um tengsl milli svara við einstökum spurningum og þeirra bakgrunnsþátta sem til skoðunar voru. Tölfræðileg úrvinnsla var unnin í SPSS en myndir og töflur í Excel.

# 3. Niðurstöður

Í þessum kafla er að finna niðurstöður úr greiningarvinnu vegna könnunarinnar. Honum er skipt niður í þrjá undirkafla; (1) Almennar upplýsingar, (2) sjúkraflutningamenntun og þjálfun (3) bráðatækninám.

## 3.1 Almennar upplýsingar

Í þessum hluta er fjallað um aldur, búsetu og menntun. Spurt var þriggja spurninga varðandi þessa þætti.

Algengast var að svarendur voru á aldrinum 41-50 ára eða tæp 44% þátttakenda í könnuninni og rúm 35% á aldrinum 51-60 ára. Tæplega 21% svarenda voru á aldrinum 31-40 ára.




Mynd 2. Aldur einstaklinga í könnuninni.

Hlutfallslega flestir svarenda bjuggu á Norðurlandi eystra eða tæp 26% svarenda, rúm 19% á Suðurlandi og tæp 18% á Austurlandi. Þar sem aðeins einn svarandi bjó á Reykjanesi var ákveðið að flokka hann með svörum af Suðurlandi til þess að tryggja órekjanleika svara.




Mynd 3. Búseta einstaklinga í könnuninni.

Rúmlega helmingur svarenda höfðu lært læknisfræði eða rúm 54% og tæp 46% hjúkrunarfræði.




Mynd 4. Menntun einstaklinga í könnuninni.

## 3.2 Sjúkraflutningamenntun og þjálfun

Í þessum hluta er fjallað um menntun og þjálfun hjúkrunarfræðinga og lækna á landsbyggðinni varðandi sjúkraflutninga og bráðameðferð utan sjúkrahúss.

Um 85% svarenda hafði setið námskeið varðandi bráðameðferð utan sjúkrahúss.

Tengsl voru milli menntunar[1] og þess hvort viðkomandi hafði setið námskeið varðandi bráðameðferð utan sjúkrahúss þannig að mun algengara var að svarendur með læknisfræðimenntun en hjúkrunarmenntun hafði tekið slík námskeið.




Mynd 5. Hefur þú setið námskeið varðandi bráðameðferð utan sjúkrahúss?




Mynd 6. Hefur þú setið námskeið varðandi bráðameðferð utan sjúkrahúss, greint eftir aldri.




Mynd 7. Hefur þú setið námskeið varðandi bráðameðferð utan sjúkrahúss, greint eftir búsetu.

[1] (tau-c=,02; α=,036)




Mynd 8. Hefur þú setið námskeið varðandi bráðameðferð utan sjúkrahúss, greint eftir menntun.

Flestir svarendanna höfðu lokið námskeiði í sérhæfðri endurlífgun eða tæp 68% svarenda og tæp 60% höfðu setið námskeiðið *Meðhöndlun og flutningur slasaðra*. Aðeins 29% höfðu setið námskeið varðandi börn og fimm svarendur höfðu setið önnur námskeið en þau sem upp hafa verið talin. Þetta voru námskeið eins og t.d. BTLS, ATLS, ACLS, námskeið v/flugslysa og námskeið fyrir greiningarsveitir. Sjá nánar svörin eins og þau komu fyrir í viðauka.




Mynd 9. Hvaða námskeið hefur þú setið?

Engin tengsl fundust milli bakgrunnsþátta og þess hvort svarendur höfðu setið námskeiðið meðhöndlun og flutningur slasaðra.




Mynd 10. Meðhöndlun og flutningur slasaðra, greint eftir aldri.




Mynd 11. Meðhöndlun og flutningur slasaðra, greint eftir búsetu.




Mynd 12. Meðhöndlun og flutningur slasaðra, greint eftir menntun.

Tengsl var að finna milli búsetu[2] og menntunar[3] og þess hvort svarendur höfðu setið námskeiðið *Sérhæfð endurlífgun*. Mun hærra hlutfall þeirra sem hafa læknisfræðimenntun en hjúkrunarfræðimenntun höfðu setið námskeiðið.




Mynd 13. Sérhæfð endurlífgun, greint eftir aldri.




Mynd 14. Sérhæfð endurlífgun, greint eftir búsetu.




Mynd 15. Sérhæfð endurlífgun, greint eftir menntun.

[2] (tau-c=,26; α=,038)
[3] (tau-c=,03; α=,030)

Engin tengsl fundust milli bakgrunnsþátta og þess hvort svarendur hafi setið námskeið varðandi börn.




Mynd 16. Námskeið varðandi börn, greint eftir aldri.




Mynd 17. Námskeið varðandi börn, greint eftir búsetu.




Mynd 18. Námskeið varðandi börn, greint eftir menntun.

Þeir svarendur sem ekki höfðu sótt námskeið um bráðameðferð utan sjúkrahúss voru spurðir hvort þeir hefðu áhuga á að gera það. Liðlega helmingur þeirra hafði áhuga á því að sækja slík námskeið eða fimm af níu svarendum. Mestur var áhugi þeirra á að sækja námskeiðin *Meðhöndlun og flutningur slasaðra* og *Sérhæfð endurlífgun*. Þrír þeirra höfðu áhuga á námskeiði varðandi börn.




Mynd 19. Hefur þú áhuga á að sækja námskeið um bráðameðferð utan sjúkrahúss?




Mynd 20. Hvaða námskeið/um hefur þú áhuga á?

Rétt um helmingur svarenda taldi sig nægilega vel í stakk búna til að undirbúa og jafnvel flytja fólk sem þarf að fara í langa sjúkraflutninga eða 51% svarenda. Rúm 34% svarenda taldi sig ekki nægilega vel í stakk búna til þess og tæp 15% vissi það ekki.

Engin tengsl fundust milli svara við þessari spurningu og þeirra bakgrunnsþátta sem til skoðunar voru.




Mynd 21. Telur þú þig nægilega vel í stakk búinn/búna til að undirbúa og jafnvel flytja fólk sem þarf að fara í langa sjúkraflutninga?




Mynd 22. Telur þú þig nægilega vel í stakk búinn/búna til að undirbúa og jafnvel flytja fólk sem þarf að fara í langa sjúkraflutninga, greint eftir aldri.




Mynd 23. Telur þú þig nægilega vel í stakk búinn/búna til að undirbúa og jafnvel flytja fólk sem þarf að fara í langa sjúkraflutninga, greint eftir búsetu.




Mynd 24. Telur þú þig nægilega vel í stakk búinn/búna til að undirbúa og jafnvel flytja fólk sem þarf að fara í langa sjúkraflutninga, greint eftir menntun.

Langflestir svarenda töldu að sjúkraflutningamenn í sinni heimabyggð væru nægilega færir til að sinna starfi sínu eða tæp 76% svarenda. Fimm töldu þó að svo væri ekki og tíu svöruðu því til að þeir vissu það ekki.




Mynd 25. Telur þú að sjúkraflutningamenn í þinni heimabyggð séu nægilega færir til að sinna starfi sínu?

Tengsl komu fram milli aldurs[4] og þess hvort viðkomandi taldi að sjúkraflutningamenn í sinni heimabyggð væru nægilega færir til að sinna starfi sínu þannig að hærri aldur þýddi hærra hlutfall sem taldi svo vera.




Mynd 26. Telur þú að sjúkraflutningamenn í þinni heimabyggð séu nægilega færir til að sinna starfi sínu, greint eftir aldri.

[4] (tau-c=,18; α=,041)




Mynd 27. Telur þú að sjúkraflutningamenn í þinni heimabyggð séu nægilega færir til að sinna starfi sínu, greint eftir búsetu.




Mynd 28. Telur þú að sjúkraflutningamenn í þinni heimabyggð séu nægilega færir til að sinna starfi sínu, greint eftir menntun.

Þeir sem töldu sjúkraflutningamenn í sinni heimabyggð ekki nægilega færa til að sinna starfi sínu voru beðnir um að segja til um hvers vegna ekki. Gefnir voru fjórir valmöguleikar; (1) Óöryggi, (2) lítil þekking, (3) skortur á fagmennsku og (4) skortur á sí- og endurmenntun. Auk þess sem svarendum var gefinn kostur á að skrifa aðrar ástæður. Allir fimm merktu við óöryggi, fjórir við skorti á sí- og endurmenntun, fjórir við lítil þekking og tveir við skorti á fagmennsku. Engar aðrar ástæður voru tilteknar.




Mynd 29. Hverjar eru helstu ástæður þess að þú telur þig ekki búa yfir nægri þekkingu og þjálfun?

Svarendur voru beðnir um að segja sína skoðun varðandi endurmenntun í bráðameðferð utan sjúkrahúss. Gefnir voru fjórir valkostir sem svarendur áttu að taka afstöðu til auk þess var opinn valmöguleiki þar sem svarendur gátu skrifað það sem þeir vildu. Valkostirnir voru; (1) Ánægður með fyrirkomulagið eins og það er í dag, (2) of miklar kvaðir með endurmenntun, (3) endurmenntun er fátíð og (4) grunn- og endurmenntun fyrir hjúkrunarfræðinga og lækna er dýr.

Flestir töldu að endurmenntun væri fátíð eða tæp 55% svarenda, tæp 34% taldi að grunn- og endurmenntun fyrir hjúkrunarfræðinga og lækna væri of dýr og rúm 27% voru ánægðir með fyrirkomulagið eins og það er í dag. Ellefu manns nýttu sér þann möguleika að skrifa annað svar. Það helsta sem þar kom fram var að námskeið mættu vera styttri, falla innan vinnutíma og greidd af vinnuveitanda. Sjá svörin eins og þau komu fyrir í viðauka.

Engin tengsl komu fram vegna svara þessarar spurningar og þeirra bakgrunnsþátta sem til skoðunar voru.




Mynd 30. Hver er þín skoðun varðandi endurmenntun í bráðameðferð utan sjúkrahúss?




Mynd 31. Hver er þín skoðun varðandi endurmenntun í bráðameðferð utan sjúkrahúss , greint eftir aldri.




Mynd 32. Hver er þín skoðun varðandi endurmenntun í bráðameðferð utan sjúkrahúss , greint eftir búsetu.




Mynd 33. Hver er þín skoðun varðandi endurmenntun í bráðameðferð utan sjúkrahúss , greint eftir menntun.

## 3.3 Bráðatækninám á Íslandi

Í þessum hluta er fjallað um bráðatækninám á Íslandi, þ.e. áhuga á að stunda bráðatækninám og þá hvar og með hvaða hætti. Jafnframt er skoðað hvort svarendur sjái ávinning af slíku námi, hver sá ávinningur er eða af hverju ekki.

Tæplega þriðjungur svarenda gat hugsað sér að stunda nám í bráðatækni á Íslandi, tæplega 44% gat ekki hugsað sér það og rúm 24% var ekki viss.

Engin tengsl komu fram milli bakgrunnsþátta og þess hvort svarendur gætu hugsað sér að stunda nám í bráðatækni á Íslandi eða ekki.




Mynd 34. Gætir þú hugsað þér að stunda nám í bráðatækni á Íslandi?




Mynd 35. Hefur þú áhuga á að stunda bráðatæknináms í framtíðinni, greint eftir aldri.




Mynd 36. Hefur þú áhuga á að stunda bráðatæknináms í framtíðinni, greint eftir búsetu.




Mynd 37. Hefur þú áhuga á að stunda bráðatækninám í framtíðinni, greint eftir menntun.

Langflestir voru sammála því að það væri ávinningur fyrir sjúkraflutningaþjónustuna í heimabyggð sinni að hjúkrunarfræðingar og læknar sæktu nám í bráðatækni eða tæp 95% svarenda. Aðeins tveir svarendur töldu svo ekki vera og fimm svöruðu því til að þeir vissu ekki hvort ávinningur væri af því eða ekki.

Svör við þessari spurningu sýndu engin tengsl við þá bakgrunnsþætti sem til skoðunar voru.




Mynd 38. Telur þú ávinning af því fyrir sjúkraflutningaþjónustuna í þinni heimabyggð að hjúkrunarfræðingar eða læknar sæki nám í bráðatækni?




Mynd 39. Telur þú ávinning af því fyrir sjúkraflutningaþjónustuna í þinni heimabyggð að hjúkrunarfræðingar eða læknar sæki nám í bráðatækni, greint eftir aldri.




Mynd 40. Telur þú ávinning af því fyrir sjúkraflutningaþjónustuna í þinni heimabyggð að hjúkrunarfræðingar eða læknar sæki nám í bráðatækni, greint eftir búsetu.




Mynd 41. Telur þú ávinning af því fyrir sjúkraflutningaþjónustuna í þinni heimabyggð að hjúkrunarfræðingar eða læknar sæki nám í bráðatækni, greint eftir menntun.

Í langflestum tilvikum töldu svarendur að helsti ávinningur fyrir sjúkraflutningaþjónustuna í heimabyggð sinni að hjúkrunarfræðingar eða læknar sæktu nám í bráðatækni, væri betri og öruggari þjónusta fyrir sjúklinginn (84% svarenda). Einnig taldi meirihluti svarenda að bráðatækninám hjúkrunarfræðinga og lækna þýddi aukna samvinnu innan heilbrigðiskerfisins sem væri til góða eða 63% svarenda og 48% taldi slíkt skila sér í betri nýtingu á starfskröftum. Auk þess kom fram í svörum einstaklinganna að ef hjúkrunarfræðingar og læknar færu í bráðatækninám þá myndi sjálfstraust og ánægja þeirra aukast í starfi.

Ekki var hægt að greina tengsl milli svara þessarar spurningar og þeirra bakgrunnsþátta sem til skoðunar voru.




Mynd 42. Hver er helsti ávinningurinn?




Mynd 43. Hver er helsti ávinningurinn, greint eftir aldri.




Mynd 44. Hver er helsti ávinningurinn, greint eftir búsetu.




Mynd 45. Hver er helsti ávinningurinn, greint eftir menntun.

Þeir tveir sem ekki töldu neinn ávinning af því fyrir sjúkraflutningaþjónustuna í sinni heimabyggð að hjúkrunarfræðingar og læknar sæktu nám í bráðatækni komu því á framfæri að þessir aðilar eigi að hafa þessa þekkingu og það sé hlutverk sjúkraflutningamanna að flytja sjúka en lækna að stjórna meðferð sjúkra og slasaðra. Jafnframt taldi annar þeirra að það væri engin ástæða til að hækka menntunarstig sjúkraflutningamanna, það væru ekki nægilega margir sjúklingar til að réttlæta slíkt nám og að vegalengdir væru litlar, stutt á sjúkrahús og því ekki þörf á slíku námi.

Langflestir voru sammála því að það væri æskilegt að sjúkraflutningamenn hafi lokið bráðatækninámi eða tæp 89% svarenda. Aðeins þrír svarendur töldu slíkt ekki æskilegt og fjórir voru ekki vissir.

Engin tengsl komu fram milli svara þessarar spurningar og þeirra bakgrunnsþátta sem til skoðunar voru.




Mynd 46. Telur þú æskilegt að sjúkraflutningamenn í þinni heimabyggð hafi lokið bráðatækninámi?




Mynd 47. Telur þú æskilegt að sjúkraflutningamenn í þinni heimabyggð hafi lokið bráðatækninámi, greint eftir aldri.




Mynd 48. Telur þú æskilegt að sjúkraflutningamenn í þinni heimabyggð hafi lokið bráðatækninámi, greint eftir búsetu.




Mynd 49. Telur þú æskilegt að sjúkraflutningamenn í þinni heimabyggð hafi lokið bráðatækninámi, greint eftir menntun.

Meirihluti svarenda eða rúm 66% taldi að námstímabil bráðatæknináms ætti að vera tvö ár sem hlutanám og hægt yrði að stunda vinnu náminu samhliða. Aðeins fimm einstaklingar (8%) töldu að eitt ár sem fullt nám hæfilega lengd bráðatækninnáms og 14% að fjögur ár sem hlutanám væri hæfilegt námstímabil. Ekki var hægt að sjá nein tengsl milli bakgrunnsþátta og svara við þessari spurningu.




Mynd 50. Hversu langt á námstímabilið að vera?




Mynd 51. Hversu langt á námstímabilið að vera, greint eftir aldri.




Mynd 52. Hversu langt á námstímabilið að vera, greint eftir búsetu.




Mynd 53. Hversu langt á námstímabilið að vera, greint eftir menntun.

Hvað fyrirkomulag bráðatæknináms varðar þá sá meirihluti svarenda fyrir sér að lotubundið staðarnám þar sem kennt er nokkra daga í senn væri besta fyrirkomulag bráðatæknináms eða 55% svarenda. Jafnframt sá rúm 18% svarenda að best væri að hafa bráðatækninámið sem lotubundið nám í gegnum myndfundabúnað og 10% sáu fyrir sér vefnám, þ.e. að fyrirlestrar væru kenndir í fjarnámi eingöngu. Aðeins tveir sáu fyrir sér bráðatækninám sem hefðbundið dagskólanám.

Nokkrir komu með aðrar uppástungur sem hentugt fyrirkomulag fyrir bráðatækninám. Þar kom meðal annars fram blanda af staðarnámi og fjarnámi og fjarnám og verklegar æfingar og þjálfun. Sjá svörin eins og þau komu fyrir í viðauka.

Engin tengsl komu fram milli svara við þessari spurningu og þeirra bakgrunnsþátta sem til skoðunar voru.




Mynd 54. Hvernig sérð þú fyrir þér fyrirkomulag námsins?




Mynd 55. Hvernig sérð þú fyrir þér fyrirkomulag námsins, greint eftir aldri.




Mynd 56. Hvernig sérð þú fyrir þér fyrirkomulag námsins, greint eftir búsetu.




Mynd 57. Hvernig sérð þú fyrir þér fyrirkomulag námsins, greint eftir menntun.

Að lokum var spurt hvort viðkomandi ætli að sækja um nám í bráðatækni á Íslandi haustið 2007/janúar 2008 ef slíkt nám yrði í boði. Skemmst er frá því að segja að tæp 52% svarenda svaraði spurningunni neitandi og rúm 8% játandi. Um 15% svöruðu því til að þeir færu hugsanlega síðar í slíkt nám og tæp 26% tók ekki afstöðu til þess.

Aldur[5] hafði áhrif á svör fólks þannig að yngri einstaklingar virtust hafa meiri áhuga á að sækja um nám í bráðatækni en þeir sem eldri voru.




Mynd 58. Ætlar þú að sækja um nám í bráðatækni á Íslandi haustið 2007/jan 2008 ef slíkt nám verður í boði?




Mynd 59. Ætlar þú að sækja um nám í bráðatækni á Íslandi haustið 2007/jan 2008 ef slíkt nám verður í boði, greint eftir aldri.

[5] (tau-c=,33; α=,002)




Mynd 60. Ætlar þú að sækja um nám í bráðatækni á Íslandi haustið 2007/jan 2008 ef slíkt nám verður í boði, greint eftir búsetu.




Mynd 61. Ætlar þú að sækja um nám í bráðatækni á Íslandi haustið 2007/jan 2008 ef slíkt nám verður í boði, greint eftir menntun.

Þeir sem svöruðu því til að þeir færu hugsanlega síðar í bráðatækninám á Íslandi voru spurðir eftir hvað ca. langan tíma. Algengasta svarið var eftir 2 ár eða hjá tæplega 63% svarenda, einn taldi slíkt hugsanlegt eftir fjögur ár og tveir eftir sex ár eða fleiri.

Engin tengsl fundust milli lengd tíma og þeirra bakgrunnsþátta sem til skoðunar voru.




Mynd 62. Eftir ca. hve langan tíma?

# 4. Lokaorð

Í þessari skýrslu er að finna niðurstöður úr könnun sem gerð var meðal hjúkrunarfræðinga og lækna á landsbyggðinni varðandi menntun og þjálfun þeirra í sjúkraflutningum og bráðameðferð utan sjúkrahúss ásamt áhuga á fyrirhuguðu bráðatækninámi.

Þátttaka í könnuninni var viðunandi og er svarhlutfallið tæp 59%. Skýrslan gefur einhverja mynd af menntun og þjálfun hjúkrunarfræðinga og lækna í sjúkraflutningum og bráðameðferð utan sjúkrahúss. Einnig er í henni að finna upplýsingar sem nýtast geta við undirbúning að fyrirhuguðu bráðatækninámi.

# 5. Viðauki

## Hvaða önnur námskeið varðandi bráðameðferð utan sjúkrahúss hefur þú setið?

- ACLS, BTLS
- ATLS (erlendis) og BTLS námskeið
- erlendir fyrirlestrar
- Nsk f. greinigarsveitir
- Sérhæft námskeið v/flugslysa

## Skoðun varðandi endurmenntun í bráðameðferð utan sjúkrahúss.

- Er Sjúkraliði
- Ættum að fara á 2ja ára fresti á námskeið og fá frí til að fara virka daga, ekki nota þessar stöku fríhelgar sem okkur eru úthlutaðar
- Alvarleg tilfelli fátíð og nægir ekki í viðhaldsþjálfun
- Framboð á endurmenntun varðandi bráðameðferð utan sjúkrahúss of staðbundin og fátíð, mætti efla fjarkennslu hvað þetta efni varðar
- Mæli með að það verði skylda að allir heilsugæslulæknar á landsbyggðinni fari á bráðameðferðarnámskeið 2-3 hvert ár og það sé að fullu greitt af vinnuveitanda. Einnig væri æskilegt að læknar td. á landsbyggðinni gætu bætt við sig bráðalækningum sem aukasérgrein óski þeir að dýpka sig í þessum fræðum og slíkt nám væri styrkt af vinnuveitanda eins og önnur endurmenntun.
- Mjög mikilvægt að hafa endurmenntunarnámskeið reglulega-Má þess vegna vera meira framboð.
- Of stór og viðamikil námskeið sem hefur verið boðið upp á betra að þau séu styttri og sérhæfðari
- Stofnanir fjársveltar
- Vantar fleiri styttri námskeið, fjölskylduvæn
- Veit ekki nógu mikið um þennan þátt til að svara
- Þessu er of lítill gaumur gefinn innan heilbrigðiskerfisins

## Hvaða annar ávinningur er af því að hjúkrunar-fræðingar og læknar sæki nám í bráðatækni?

- Ánægðara starfsfólk
- aukið öryggi starfsmanns i starfi
- Ekki alltaf tveir sjúkraflutningamenn sem eru tiltækir á vakt í einu
- Læknar þurfa að mínu mati ekki að fara í þetta nám, enda vel þjálfaðir fyrir í bráðalækningum, alla vega þeir sem eru útskrifaðir með lækningaleyfi
- Samræming þekkingar vinnuferla
- Vegna mjög langt í næsta sjúkrahús
- viðkomandi sem sækir námið verður sjálfur öruggari

# Hversu langt á námstímabilið að vera?

- ??
- 1. eða 2. liður
- Bráðatæknir ! Bara orðið veldur mér óhug. Sporin eftir björgunarsveitir, neyðarlínu et.c hræða. Ef til staðar væri alvöru teymi sem sinnti bráðatilfellum og flutningum, gætu fólk með slíka sérþekkingu orðið að gagni.
- get ekki dæmt
- Sá tími sem þarf til að kenna námsefnið. Æskilegt væri að boðið væri upp á möguleikann að taka námið með vinnu því mikill meirihluti sjúkraflutningamanna á landsbyggðinni eru í fullri vinnu við önnur störf.
- Veit ekki
- veit ekki

# Hvaða annað fyrirkomulag sérð þú fyrir þér?

- 1., 3. eða 4. liður
- Blanda af 1 og 2
- Blanda af öllu
- staðarnám eða fjarkennsla nema hvorutveggja sé
- T.d svipað og fjarnám hjfr hér með þjálfunardögum á milli
- Tel fjarnám slakann kost þar sem umræður um viðfangsefnið eru mikilvægar og þær tapast ef kennt er í fjarnámi og skila sér mjög illa með fjarfundabúnaði
- Verkleg þjálfun innanlands, of dýrt að sækja það erlendis
- verklegar æfingar